

Fundargerð 258. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 8. febrúar 2022
Fundartími:	9:00 – 14:00
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við auglýsta dagskrá bætist við lið nr 1, Fundargerð skipulagsnefndar nr. 321, liður f) Vorsabæjarhóll L 165515; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar 2112050 og g. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22-156. Einnig bætist við lið nr. 24. Efni til kynningar, liður e) Erindi frá Vegagerðinni, tilkynning um lækun hámarkshraða á Urriðafossvegi og liður f) Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 231, dags. 12.01.2022

a) Krókur L166243; Deiliskipulag – 2112033

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Ólafssyni er varðar nýtt deiliskipulag fyrir Krók, L166243. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd mælist til þess að framlögð gögn verði rýnd m.t.t. hugsanlegrar flóðahættu á svæðinu.

Lögð fram umsókn um nýtt deiliskipulag fyrir Krók L 166243 þar sem skilgreindir eru byggingarreitir innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum. Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um að framlögð gögn verði rýnd með tilliti til flóðahættu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Orustudalur L189527; Viðbygging; Fyrirspurn – 2201010

Lögð er fram fyrirspurn frá Lenu Mariu Eriksson er varðar beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi. Skipulagsfulltrúa falið að aðstoða fyrirspyrjanda við beiðni um undanþágu til ráðuneytis.

Lögð er fram umsókn frá Lenu Mariu Eriksson þar sem óskað er undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við að undanþága verði veitt og felur skipulagsfulltrúa að leiðbeina umsækjanda varðandi umsókn til ráðuneytis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Dalsmynni L166326; Dalsmynni 2 og Dalsmynni vatnsveitulóð; Stofnun lóða – 2112055

Lögð er fram umsókn frá Ágústi Hjálmarssyni er varðar stofnun lóða úr landi Dalsmynnis L166326. Í umsókninni felst stofnun tveggja lóða, Dalsmynni 2 og Dalsmynni vatnsveitulóð.

Aðkoma að lóðunum er frá Hurðarbaksvegi (3199). Kvöð verður á Dalsmynni um aðgengi að báðum lóðunum og á Dalsmynni 2 um aðgengi að vatnsveitulóðinni.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindið verði samþykkt. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á umsögn Vegagerðarinnar vegna nýrrar vegtengingar að landi Dalsmynnis 2 og vatnsveitulóðar.

Ingvar Hjálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lögð er fram umsókn um stofnun tveggja lóða úr landi Dalsmynnis L166326. Dalsmynni 2 og Dalsmynni vatnsveitulóð. Aðkoma lóðanna er af Hurðarbaksvegi (3199) Kvöð verður á Dalsmynni um aðgengi að báðum lóðum og á Dalsmynni 2 um aðgengi að vatnsveitulóðinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna. Ekki er talin þörf á umsögn Vegagerðarinnar vegna nýrra vegtenginga að landi Dalsmynnis 2 og vatnsveitulóðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Vorsabær L165516 og Vorsabær 2 L165517; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarða – 2112048

Lögð er fram umsókn frá Helga Stefánssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðanna Vorsabæ L165516 (132,4 ha) og Vorsabæ 2 L165517 (1,3 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðanna til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðanna Vorsabæ L165516 (132,4 ha) og Vorsabæ 2 L165517 (1,3 ha) skv. hnitsettri afmörkun sem ekki hefur legið fyrir áður. Einnig er óskað eftir breytingu á skráningu á stærð jarðanna til samræmis við mælingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu gagna og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Efri Völlur L165470; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar – 2112050

Lögð er fram umsókn frá Helga Stefánssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Efri-Völlur L165470 (107 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Efri-Völlur L165470 (107 ha) skv. hnitsettri mælingu. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar skv. mælingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afmörkun jarðarinnar með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Vorsabæjarhóll L165515; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar – 2112050

Lögð er fram umsókn frá Markúsi Kristni Ívarssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Vorsabæjarhóll L165515 (129 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnissettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Vorsabæjarhóll L165515 skv. hnissettri mælingu. Einnig er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar til samræmis við mælingu. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnissettri afmörkun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 05.01.2022

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2022.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 232 dags. 26.01.2022

a) Seljatunga L165496; Seljatunga 2; Staðfesting á afmörkun og stofnun lóðar – 2110056

Lögð er fram umsókn frá Herdísí Ernu Gústafsdóttur þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Seljatunga skv. hnissettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir stofnun nýrrar 13,87 ha landeignar, Seljatunga 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar og stofnun landeignar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar, lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeignar fyrir hnissettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Seljatunga L165496 skv. hnissettri mælingu. Einnig lögð fram umsókn um stofnun nýrrar 13,87 ha landeignar sem fengi heitið Seljatunga 2. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afmörkun jarðarinnar og stofnun 13,87 ha landeignar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar, lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnissettri afmörkun. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við nafnið Seljatunga 2 á nýrri landspildu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til deiliskipulags smábýlislóða í landi Heiðarbæjar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags fyrir Heiðarbæ Stórholt L166345, Heiðarbæ Litlaholt L204983 og Smáholt L208386;

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að auglýsa skipulagslýsinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stóra – Ármót; Rannsóknarborun; HT-34; Framkvæmdaleyfi – 2201054

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum bs er varðar framkvæmdaleyfi. Í umsókninni felst beiðni um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir rannsóknarborun í landi Stóra Ármóts í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags fyrir svæðið.

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum bs um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir rannsóknarborun í landi Stóra Ármóts. Í bókun skipulagsnefndar um málið er ranglega vísað til Grímsness - Grafningshrepps í stað Flóahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna umræddrar rannsóknarborunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Hróarsholt spilda G L197225; Deiliskipulag – 2201050

Lögð er fram umsókn frá Elísabetu Ósk Guðlaugsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag í landi Hróarsholts spilda G L197225. Markmið deiliskipulagsins er að afmarka byggingareit fyrir

uppbyggingu íbúðarhúss, útihúss og skilgreina nýja aðkomu að landinu. Umsögn Vegagerðarinnar vegna nýrrar vegteningar við Villiholtsveg liggur fyrir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Nefndin mælist til þess að eigendum aðliggjandi lóða verði kynnt málið sérstaklega.

Lögð fram umsókn um nýtt deiliskipulag í landi Hróarsholts spildu G L197225 ásamt beiðni um nafnabreytingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, útihús ásamt því að ný aðkoma er skilgreind að landinu. Umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir. Óskað er eftir að spildan fái nafnið Bergholt. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umrætt deiliskipulag, með fyrirvara um niðurstöðu kynningar og nafnið Bergholt á spilduna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Syðri – Sýrlækur L166374; Syðri – Sýrlækur 2; Stofnun lóðar – 2110054

Lögð er fram umsókn frá Jónu Margréti Kristinsdóttur er varðar stofnun 71,9 ha lands, Sýrlækur 2, úr landi Syðri-Sýrlækjar L166374.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn um stofnun nýrrar 71,9 ha landspildu úr landi Syðri-Sýrlækjar L166374. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsettri afmörkun spildunnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Forsæti 2 lóð L211658; Forsæti 2 Breytt heiti lóðar – 2201026

Lögð er fram umsókn frá Huldu Kristjánsdóttur er varðar breytta skráningu lóðar. Óskað er eftir að að staðfang lóðarinnar breytist úr Forsæti 2 lóð í Forsæti 2.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytt staðfang lóðarinnar.

Lögð fram umsókn frá Huldu Kristjánsdóttur um breytt staðfang lóðarinnar Forsæti 2 lóð, í Forsæti 2. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi beiðni með 5 atkvæðum.

g) Efri – Sýrlækur L166327; Efri – Sýrlækur 2 og 3; Stofnun lóða – 2110053

Lögð er fram umsókn frá Gunnlaugi Óttarssyni er varðar stofnun 2ja landeigna, Efri-Sýrlækur 2 og 3, úr landi Efri-Sýrlækjar L166327.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignanna skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsettri afmörkun ásamt umsögn Vegagerðarinnar fyrir aðkomum. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá Gunnlaugi Óttarssyni um stofnun tveggja landeigna, Efri-Sýrlækur 2 og 3 úr landi Efri Sýrlækjar L166327. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi beiðni með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsettri afmörkun ásamt umsögn Vegagerðar fyrir aðkomuvegum að nýjum spildum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Austur – Meðalholt lóð L212249; Breytt notkun húss; Fyrirspurn – 2201027

Lögð er fram fyrirspurn frá Hannesi Rúnari Ó Lárussyni. Innan fyrirspurnar er óskað eftir álitum skipulagsnefndar á því að hluti byggingar sem hýsir safn íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum verði skráð sem íbúð. Meðfylgjandi er uppdráttur og skráningartafla. Húsið er hannað og byggt á sínum tíma í samræmi við ofangreint. Einnig er óskað eftir því að húsið, sem er núna skráð á L188172, verði fært á lóð L212249. Eftir breytingu á skráningu er íbúðarhluti hússins 142.7 m² og safnhluti hússins 267.0 m².

Skipulagsnefnd UTU telur að framlögð breyting á skráningu hússins sé í takt við notkun þess og skilgreinda landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og þjónustusvæði. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn

Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytta skráningu og byggingarfulltrúa verði falið að klára málið.

Lögð fram fyrirspurn og beiðni um breytta skráningu á húsnæði Íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum. Óskað er eftir því að hluti hússins verði skráð sem íbúð og einnig að húsið sem nú er skráð á L188172 verði fært á lóð L212249. Eftir breytingu á skráningu er íbúðarhluti hússins 142,2 m² og safnahluti hússins 267,0 m²

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta skráningu enda samræmist hún notkun hússins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-157 – 2201002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2022.

3. Gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU bs. fyrir árið 2022

Lögð fram endurskoðuð gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU ásamt tölvupósti frá skrifstofustjóra UTU og viðbótargögnum þar sem farið er yfir ástæður breytinga.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Skipulagsstofnun – umsagnarbeiðni – Orkugerðin

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps um þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf. úr 7.000 tonnum af hráefni í 14.000 tonn á ári.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að innan framlagðrar fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að uppbygging á grundvelli fyrirspurnar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og/eða framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

5. Erindi frá Skipulagsstofnun – umsagnarbeiðni - Ljósleiðaralögn - Þjórsá og Hólmsá

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir umsögn Flóahrepps um hvort þörf sé á mati á umhverfisáhrifum vegna lagningar ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand yfir Þjórsá og Hólmsá.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að innan framlagðrar fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að uppbygging á grundvelli fyrirspurnar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Heimsmarkmiðin, kynning á markmiðum og mælikvörðum varðandi loftslagsmál (9:30 – 9:50)

Fulltrúar frá Podium ehf og ráðgjafar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi vinnu við áframhaldandi stefnumótun á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna mættu til fundarins og kynntu líkan sem gæti nýst sveitarfélaginu við áframhaldandi markmiðasetningu og mælingar á grundvelli Heimsmarkmiða.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir kynninguna.

7. Samstarf Árborgar og Flóahrepps, kynning og yfirferð, - samningur um upplýsingarmiðstöð og samningur um sund (9:50 – 10:10)

Bragi Bjarnason og Ólafur Rafn Ólafsson mættu til fundarins og fóru yfir breytingar í rekstri upplýsingamiðstöðvar Árborgar og Flóahrepps. Gerður hefur verið samningur við Pennann í nýja miðbænum á Selfossi um verkefni upplýsingarmiðstöðvarinnar til næstu áramóta. Allar upplýsingar sem voru áður í bæklingi Árborgar og Flóahrepps verða nú uppfærðar á nýrri heimasíðu. Nýir þjónustuaðilar á svæðinu eru hvattir til þess að miðla upplýsingum um sín fyrirtæki til starfsmanns Pennans í Upplýsingarmiðstöðinni nýja miðbænum. Átaks er þörf til þess að rífa greinina upp eftir samdrátt Covid-tímabilsins. Lagður fram samningur til endurnýjunar á samstarfi Flóahrepps og Árborgar um sameiginlega upplýsingamiðstöð í Miðbæ Selfoss. Gerð verði breyting á kostnaðarskiptingu vegna sérverkefna og sá liður falli út. Í stað þess komi „, ef ákveðið verður að vinna að sérstökum verkefnum varðandi

markaðssetningu svæðis þá verði samið um það sérstaklega. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samninginn með 5 atkvæðum með þessari breytingu.

8. Íbúafundur – Skipulagsbreytingar; – Deiliskipulag skólalóðar Flóaskóla – Þingborgar íbúðabyggðar og Heiðargerði iðnaðarsvæði stækkun.

Efla ehf hefur unnið tillögur að endurskoðun á deiliskipulagi þriggja svæða á vegum Flóahrepps. Næsta skref er að ná samráði við íbúa um tillögurnar áður en þær fara í formlegt ferli. Ákveðið að halda íbúafund 16. febrúar klukkan 20:00 í Þingborg til þess að kynna tillögur samstarfshóps Flóahrepps að deiliskipulagi skólalóðar Flóaskóla, tillögu að stækkun iðnaðarsvæðis í Heiðargerði og tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Þingborg. Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033

Lögð fram eftir samráðsferli sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033. Rætt var um sorphirðu og mikilvægi þess að samræma flokkun og merkingar á sorptunnum. Óskað er eftir því að Sorpstöð Suðurlands beiti sér fyrir því að flokkun og merkingar sorpílata verði samræmd á öllu Suðurlandi á sambærilegan hátt og nú er verið að gera á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir sameiginlega svæðisáætlun 2022 - 2033 með 5 atkvæðum.

10. Húsnæðissjálfs eignastofnun – möguleg þátttaka Flóahrepps

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vera stofnandi að fyrirhugaðri húsnæðissjálfs eignarstofnun. Samþykkt er að leggja fram 100.000 kr. stofnfé. Sveitarstjóra er falið að taka þátt í stofnfundi fyrirhugaðrar húsnæðissjálfs eignarstofnunar og undirrita stofnskjöl fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Öryrkjabandalaginu - Aðgengismál fatlaðra

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalaginu til sveitarfélaga á Íslandi, þar sem minnt er á yfirstandandi átak í sambandi við aðgengismál fatlaðra.

Sveitarfélög eru í erindi sambandsins hvött til þess að sækja um fjárstuðning sem stendur til boða hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að gera úrbætur í aðgengismálum í húsnæði sveitarfélaga. Samþykkt að fela umsjónarmanni fasteigna að gera úttekt á öllu húsnæði sveitarfélagsins með tilliti til aðgengismála og tillögur til úrbóta þar sem þörf er á því. Óskað er eftir að niðurstöður liggi fyrir í síðasta lagi í 5. mars 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá fjölskyldusviði Árborgar – Vinaminni, sértæk dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun, kostnaðarþátttaka sveitarfélaga á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá sveitarfélaginu Árborg þar sem farið er fram á aukna kostnaðarþátttöku þeirra sveitarfélaga á Suðurlandi sem nýta sér þjónustu í „Vinaminni“ sértækri dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun. Í erindinu er farið fram á greiðslu á útreiknuðum umframkostnaði vegna hvers þjónustuþega með lögheimili í Flóahreppi kr 167.394 á mánuði. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í verkefninu á þessum forsendum enda njóti þau sveitarfélög sem það gera, forgangs við úthlutun rýma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Umdæmisráð barnaverndar – Hlutverk og skipan – minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem farið er yfir samsetningu og hlutverk umdæmisráða barnaverndar. Einnig er bent á hvað þarf að liggja fyrir þegar samstarf sveitarfélaga um sameiginlegt umdæmisráð verður formgert.

Sveitarstjórn Flóahrepps upplýsir að félagsmálastjóri í samráði við NOS stjórn skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, er að vinna að undirbúningi á stofnun umdæmisráðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Loftslagsstefna sveitarfélaga – kostnaðaráætlun vegna mögulegs samstarfs sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóa

Lögð fram kostnaðaráætlun frá Elísabetu Björneyju Lárusdóttur, vegna vinnu við gerð loftslagsstefnu og gagnaöflun vegna þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að setja af stað vinnu við gerð loftslagsstefnu fyrir starfsemi Flóahrepps. Starfsmönnum Flóahrepps falið að vinna að verkefninu en fallið er frá fyrri ákvörðun um að taka þátt í samstarfi við nágrannasveitarfélög um þetta verkefni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Umsókn vegna Sölvaflata - Frá Votlendissjóði - framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis

Hrafnkell Guðnason vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis var lögð fyrir á 255. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 9. nóvember 2021. Afgreiðslu málsins var frestað og umsækjendum bent á að þeir þyrftu að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að verja vegsvæði Gaulverjabæjarveggar og nærliggjandi jarðir fyrir áhrifum endurheimtarinnar. Einnig var óskað eftir því að gerðar væru hæðarmælingar á svæðinu. Fyrir liggur að Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina. Þar sem hæðarmælingarnar og gögn sem sýna mögulegt áhrifasvæði endurheimtar liggja ekki fyrir, er afgreiðslu málsins frestað.

Bókun samþykkt með 4 atkvæðum

16. Starfsmannakönnun - góður vinnustaður í almannabágu - tilboð um þátttöku í könnun á vegum BSRB.

Lagt fram tilboð frá Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi um þátttöku sveitarfélagsins í könnun á starfsumhverfi allra starfsmanna Flóahrepps. Könnunin er sambærileg þeirri sem Sameyki og fjármála- og efnahagsráðuneyti gera meðal ríkisstofnana (Stofnun ársins) og VR gerir meðal fyrirtækja á almennum markaði (Fyrirtæki ársins) Kostnaður er 182.000 kr án vsk. Gallup sér um framkvæmd könnunar og úrvinnslu niðurstaðna sem síðan eru afhentar forstöðumönnum.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og samþykkir að taka þátt í starfsmannakönnun BSRB.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Erindi frá Héraðssambandinu Skarphéðni – 100. héraðsþing HSK styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá HSK þar sem óskað er eftir fundaraðstöðu og veitingum vegna 100. ársþings HSK sem verður haldið 31. mars 2022. Gert er ráð fyrir að 120 manns mæti til þingsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk á móti húsaleigu í Þingborg og bjóða þingfulltrúum í mat. Sveitarstjóra falið að leita eftir tilboði í veitingarnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Erindi frá Veraldarvinum – strandhreinsun

Lagt fram erindi frá Veraldarvinum Strandvörðum Íslands sem eru sjálfbóðaliðar sem bjóða krafta sína við hreinsun á fjörum. Gert er ráð fyrir viku dvöl og óskað eftir aðstöðu t.d. í félagsheimili. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í erindinu en bendir á að samtökin þurfa að leita samþykkis landeigenda áður en hafist er handa við hreinsun.

Samþykkt með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með fulltrúa samtakanna og í samráði við atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps.

19. Erindi frá Klúbbnum Stróki - styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá Klúbbnum Stróki þar sem óskað er eftir styrk til starfsemi klúbbsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir styrk kr. 100.000 vegna ársins 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

20. Sveitarstjórnarkosningar 2022 – fundaraðstaða framboðslista og kjörstaður

Lögð er fram tillaga um styrk til framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi sem nemur andvirði húsaleigu vegna undirbúningsfunda og vegna sameiginlegra framboðsfunda. Einnig samþykktur styrkur kr. 100.000 til hvers framboðs til þess að mæta útlögðum kostnaði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Kjörstaður Flóahrepps 14. maí 2022 verður í Félagslundu.

21. Erindi frá Starfshópi á vegum umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra SASS þar sem óskað er eftir því að sveitarfélögin sem aðild eiga að SASS að þau skoði hvaða áherslur þau vildu helst að SASS kæmi á framfæri við starfshóp á vegum umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis varðandi stöðu og áskoranir í sambandi við orkumál.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að náð samráð þarf að vera við heimamenn varðandi uppbyggingu mannvirkja vegna orkuöflunar og flutningskerfa og minnt er á að skipulagsvald

er á borði sveitarfélaganna í landinu. Áhersla er lögð á að hagsmuna þeirra íbúa sem þurfa að kynda heimili sín með raforku sé gætt. Ekki er talið að það verði hægt að fullnægja orkuþörf landsmanna fullkomlega með raforku, alltaf þurfi að koma til aðrir orkugjafar þó ekki sé nema vegna varaafls þegar flutningskerfi liggja niðri.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

22. Frá nefndarsviði Alþingis – til umsagnar:

- a) Frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnarstig o.fl.), 181. mál
Lagt fram til kynningar.
- b) Tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingarvernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál
Lagt fram til kynningar.
- c) Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál
Lagt fram til kynningar.
- d) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), 271. mál
Lagt fram til kynningar.

23. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 257, dags. 11.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 132, dags. 18.01.2022
*Í fundargerðinni er bent á að endurskoða þurfi **akstursleiðir** skólabílstjóra með tilliti til þess að stytta þann tíma sem börn þurfa að sitja í bílnum í hverri viku. Bæði milli heimilis og skóla og frá skóla í íþróttir og sund.
Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Samningar við skólabílstjóra eru lausir í vor og verður þessi ábending tekin inn í úrvinnslu um endurskoðun á akstursleiðum.*
Samþykkt með 5 atkvæðum.

Reglur um skólaakstur í Flóahreppi:

Lagðar fram reglur um skólaakstur í Flóahreppi samþykktar af fræðslunefnd 18.01.2022. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir reglurnar eins og þær koma fyrir en leitað verður leiða til þess að stytta tíma barna í skólabíl eins og kostur er.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Viðverustefna Krakkaborgar:

Lögð fram viðverustefna fyrir Krakkaborg sem tekur mið af stigagjöf samkvæmt Bradford kvarða. Sveitarstjórn samþykkir stefnuna eins og hún kemur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Dvalarsamningur Krakkaborgar:

Lagður fram endurskoðaður dvalarsamningur fyrir leikskólann Krakkaborg

Samþykktur með 5 atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- c) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 10.01.2022
Óskað er eftir því að nefndin komi að mótun loftslagsstefnu með starfsfólki sveitarfélagsins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- d) Vegagerðar, Flóahrepps og Árborgar vegna vegtenginga dags. 27.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar UTU nr. 92, dags. 26.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar SOS nr. 308, dags. 18.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Bergrisans bs, nr. 32, dags. 20.09.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Bergrisans bs, nr. 33, dags. 24.11.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Bergrisans bs, nr. 34, dags. 10.01.2022

- Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Bergrisans bs, nr. 35, dags. 10.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - k) Stjórnar SASS nr. 577, dags. 07.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - l) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 48, dags. 14.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 905, dags. 14.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. Efni til kynningar:

- a) Frá Umboðsmanni barna – mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa
- b) Skiptayfirlýsing – Flatholt 2, Flúðum, Hrunamannahreppi fnr. 2506274 ásamt lóðaleigusamningi og lóðablaði
- c) Frá svæðaformönnum Skólastjórafélags Íslands – Hvatning til sveitarstjórna - rakningarvinna skólastjórnenda
- d) Frá Félagsmálaráðuneytinu – Staða velferðarþjónustu í faraldri - stöðuskýrsla nr. 18 vegna Covid 19
- e) Erindi frá Vegagerðinni – lækkun á hámarkshraða á Urriðafossvegi
- f) Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn í Þingborg, 8. mars. 2022, klukkan 9:00

25. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)
Hrafnkell Guðnason (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)